



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Könnunarskurðir vegna framkvæmda á Björkurstykki í Árborg



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.06-20

Maí 2020

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	3
2.	FORSAGA RANNSÓKANRINNAR.....	3
3.	STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM	6
4.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA.	6
5.	AÐFERÐAFRÆÐI	7
6.	Rannsóknin.....	8
	Skurður í [1860-10]	8
	Skurður [1860-11]	8
	Skurður [19860-6] Grænatóft.	10
	Skurður í byrgi [1860-9].....	13
	13
	Lokaorð	14
	Heimildarskrá	14

1. INNGANGUR

Að beiðni Atla Marel Vokes hjá sveitarfélaginu Árborg tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að framkvæma könnunarskurði í landi Björkur í Árborg. Svæðið er kallað Björkurstykki. Land þetta tilheyrði áður jörðinni Björk í gamla Sandvíkurhrepp. Svæðið er nú innan bæjarmarka á Selfossi suður af Eyrarbakkeveg. Svæðið sem skoðað var er 38 hektarar og afmarkast af Eyrarbakka vegi í suður og Gagnheiði í austur. Aðalskráning fór fram árið 2004 á jörðinni Björk og var hún unninn af Byggðasafni Árnesinga af fornleifafræðingunum Margræti Hallmundsdóttur og Eddu Linn Rise. Deiliskráning var gerð á vettvangi þann 14. mars 2017 af Margræti Hallmundsdóttir sem jafnframt sá um skýrslugerð. Deiliskráningarskýrslan kom út 2017.

Minjastofnun Íslands fór fram á rannsókn með bréfi þann 19. Maí 2019 (MÍ201905-0065/6,09/KM) þar er farið fram á könnunarskurði í tvö garða og könnunarskurð í tvær tóftir á svæðinu. Einnig er farið fram á að rúst á svokölluðum Grænahól verði grafin upp að fullu. Allir skurðirnir voru gerðir og er um þá fjalla hér. Grafin var skurður þvert yfir Grænhól til að kanna umfang rústa til að geta metið áframhaldandi rannsókn sem Minjastofnun fer fram á.

Í Björkurstykki eru hafnar framkvæmdir vegna nýs íbúðarhverfis sem á að rísa á svæðinu. Gatnagerð er þegar hafin á svæðinu sem skipt hefur verið í fjögur framkvæmdasvæði. Leyfi til fornleifarannsóknna fékkst þann 18. Maí 2020 og fékk rannsóknarnúmerið 202005-0083 og Þjóðminjasafnsnúmerið 2020-016. Rannsóknina vann Margræt Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur.

2. FORSAGA RANNSÓKANRINNAR

Jörðin Björk var aðalskráð sumarið 2005 og komu niðurstöður þeirrar skráningar fram í skýrslunni *Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Árborg* ¹. sem kom út í apríl 2008 og var skýrslan unnin og gefin út af Byggðasafni Árnesinga. Árið 2017 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Björkurstykkinu og komu niðurstöður þeirrar rannsóknar út í skýrslunni *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg*.

²

Þann 19. maí 2019 kom umsögn frá Minjastofnun Íslands þar sem farið er fram á könnunarskurði á tveimur gördum og tveimur rústum sem og uppgröft á einni rúst sem staðsett er á svokölluðum Grænhól.

Hvenær Björk byggðist fyrst er ekki vitað en fyrst birtist býlið í heimildum árið 1566 í fornbréfasafninu, og var þá Björk eyðibýli. Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf Bjarna Ketilssyni jörðina þann 4. október 1566 í skiptum fyrir part í jörðinni Langholt í sömu sókn (Laugardælasókn) ³, „Jörðin var bændaeign til

¹ Aðalskráning fornleifa í Árborg 1. Byggðasafn Árnesinga. Apríl 2008. 2008/2

² *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr.12-17. Mars 2017.

³ *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn.1944-1949 . Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík. Bls, 534-5.*

miðrar 17. aldar er Brynjólfur biskup Sveinsson náði henni undir Skálholtsstól. Árið 1790 komst Björk aftur í bændaeign og sátu hana ýmsir leiguliðar út 19. öld. Frá 1834-1899 var þar tvíbýli uns Gísli Lafransson frá Votmúla keypti jörðina af Magnúsi Arnbjarnarsyni lögfræðingi. Hélt Magnús eftir fjórðapartinum. Björk II, sem síðan var lagður undir Selfoss, vesturbæ, og nýbýlið Haga, stofnað 1910⁴ Árið 1847 var jörðin í kirkjueign⁵ Björk virðist alltaf hafa haldið nafninu óbreyttu.

Björk var ekki stór jörð og hafði ekki hjáleigur. Þar hafa þó búið sæmilega stórar fjölskyldur á 18. og 19. öld samkvæmt manntölunum. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt tveimur hjúum, 26 árum síðar bjó þar ein kona ásamt sjö börnum sínum⁶ Árið 1801 bjuggu í Björk hjón ásamt þremur börnum sínum og einni þjónustustúlku og 15 árum síðar bjuggu þar önnur hjón ásamt vinnumanni, vinnukonu og tókubarni⁷

„Lanskuld 1x álnir í landaurum ut supra á stólsjörðunum. Leigukúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir mannlán, hestlán og dagsláttur ut supra á stólsjörðunum“ (JÁM II:108). Árið 1709 var „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af síðan í tíð meistara Brynjúlfs, þar til hún var bóndaegin, og tíundaðist þá (eftir því sem menn hafa heyrt) fyrir tíu hundruð“⁸ Þegar Jarðatal á Íslandi var skrifað árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 15 1/3, landskuldin 0,60 og kúgildin 3⁹

„1861 er dýrleiki jarðarinnar fallinn niður í 9,1 hundr. samtímis því sem Sandvíkurjarðirnar hækka. Þessi mismunur eykst enn er veiði hefst fyrir alvöru í Sandvíkum. Að vísu á Björk veiðirétt í Ölfusá, þar sem Björkurland nær í odda niður að ánni við svokallaða Dýflissu en sú veiði hefur ekki verið nýttjuð og ber jörðin aðeins 3 veiðieiningar“¹⁰

Björk í Sandvíkurhreppi hefur alltaf verið lögbýli þótt ekki sé jörðin stór, einungis 125 ha. óskipt. „Jörðin liggur ofarlega í Sandvíkurhreppi, öll ofan Votmúlavegar, og snertir Selfossland á góðum kafla. Björk á horn vestan Eyrarbakavegar og jörðin teygir sig í odda niður að Ölfusá þar sem Dýflissa heitir“¹¹ Samkvæmt túnakorti sem gerð voru fyrir Björk og sem teiknað var af Þorsteini Sigurðssyni árið 1920, var túnið í Björk 7.2 ha, þar af 2/3 slétt. Matjurtagarðar voru 960 m². Á túnakorti má sjá

⁴ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. 1981:345.*

⁵ J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Ísland:62*

⁶ Manntal 1703:520, Manntal 1729:601.

⁷ Manntal 1801:230, Manntal 1816:315.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:108.

⁹ J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Ísland:62*

¹⁰ Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

¹¹ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. Bindi 1981:345.*

bæjarstæðið, matjurtagarðinn og þrjú útihús ¹²Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins eru byggingar á landi Björkur skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því standa þau hús sem á túnakorti eru, ekki enn í dag. Elsta hús á Björk er geymsla sem var byggð árið 1930, en í dag standa á jörðinni 13 byggingar (fmr.is). Þegar Fasteignabókin 1932 var skráð voru tún á Björk 3,5 ha ¹³Árið 1977 var framkvæmt fasteignamat á jörðinni og voru þá tún á Björk 21 ha ¹⁴Forn hundraðatala bæjarins var 15 1/3 en ný hundraðatala, árið 1848, var 9,1 ¹⁵„Ræktunarskilyrði eru góð í Björk. Landið er samfelld og vel ræsalegt og víðast grjótlaut. Best er ræktarlandið vestur með veginum og sunnan við túnið en austur á landareigninni er mýrlendara, enda er þar aðaláveitulandið“¹⁶ „Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Skóg í almenníngi ut supra. Hætt er kvikfje fyrir holugryfjupyttum. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá vatn tilflutt frá öðrum bæjum eða lánga vegu mönnum og fje til bjargar“ ¹⁷„Á síðustu árum hefur framþróun orðið á jörðinni ekki síður en á öðrum jörðum á Flóaáveitusvæðinu, ræktunarskilyrði síst verri en annars staðar, þegar ræst hefur verið fram og grjótlaut land víða. Best er ræktunarlandið vestur með veginum og niður að Litlahól en austur á landareigninni er mýrlendara enda er þar aðaláveitulandið“ ¹⁸

Landamerki jarðarinnar árið 1566 voru þessi: „fyrst sionhending vr Dyshol og j Slauguhol. þadan sionhending og ofan j eitt litid kringlott gerdi. þadan sionhending j Kierhola og hia þeim steine sem þar ä mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænutopt og þadan j ädurnefndan Dyshol. Jtem þad þetta Biarckar land matti vijdara vera helldr enn fimm hundrada landi giegnði“ ¹⁹

Árið 1962 voru landamerki Bjarkar þessi og „Björkurland óskipt er um 126 hektarar, það er að lögun sem þríhyrningur og er markalína jarðarinnar þessi: Úr Dýflissu, sem er vik í Ölfusá og hornmark jarðanna Sandvík, Selfoss og Björk í Strokkhól vestan við túnið í Björk; úr Strokkhól gegnum Litlahól í Virkisvörðu austan við Eyði-Sandvík; úr Virkisvörðu dregin lína í norður gegnum Markhól, austan við

¹² Túnakort Björk .

¹³ Fasteignabók 1932:13.

¹⁴ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn*. II. Bindi 1981:345.

¹⁵ Ný jarðabók:31.

¹⁶ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn*. II. Bindi 1981:345.

¹⁷ - Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:108.

¹⁸ Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

¹⁹ *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.1944-1949 . Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík. Bls, 534-5.*

bæinn í Björk í Kerhól norðaustan við bæinn; úr Kerhól bein lína í Dýflissu við Ölfusá. Sömu landamerki eru í dag.

Sem fyrr segir er úrskipt úr landi Bjarkar tveim spildum, önnur kom í hlut Selfoss, 350 metra breið spilda vestan frá Þjóðvegi austur að Strýtuholi. Hin er vestan vegar, jafnbreið Selfosspildu og nær út í Dýflissu eða því nær. Þó eru veiðiréttindin ekki fylgjandi spildu þessari heldur tilheyra Björk. Á þessari síðari spildu var nýbýlið Hagi reist árið 1910.

Björkurvegur hefst þar sem landamerkjalinan sker Eyrarbakkeveg. Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatöðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði, þar var brú á skurðinum. Var síðan farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól, þar var hlið í grjóttgarði nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á Þjóðveg. Leiðin upp frá Björk lá beint þaðan um Haga að Selfossi, er farið var gangandi, en ríðandi fóru menn beint vestur á Þjóðveginn“²⁰ Björk átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841²¹ Býlið er enn í byggð

3. STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM

Tengiliður Árborgar við rannsóknina er Atli Marel Vokes hjá skipulagssviði Árborgar. Sveitarfélagið Árborg sér um fjármögnun rannsóknarinnar.

4. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA.

Rannsóknin var unnin af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðingi sem var leyfishafi og eini starfsmaður fyrri hluta rannsóknarinnar sem fólgist í gerð skurða. Notast var við litla gröfu við gerð könnunarskurða í Grænhól [1860-6] og Mópurrkunartóft [1860-9] þversnið í garðana [1860-10][1860-11] voru handgráfin.

²⁰ Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

²¹ Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979:72

5. AÐFERÐAFRÆÐI

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina frá upphafi. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.


Ef gripir finnast eru þeir skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir eru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20 Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 4 uppmælingatæki.

6. Rannsóknin

Skurður í [1860-10]

Í umsögn Minjastofnunar sagði „Skurðurinn liggur innan skipulagasvæðis frá norðvestri til suðausturs. Skurðurinn mun hverfa vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vegna þess að hugsanlegt er talið að um garða sé að ræða þarf að mati Minjastofnunar að skera úr með því með að grafa könnunarskurð þvert í gegn um meintan garð“


Grafið var þversnið í garð [1860-10] sem var um 530 m þegar hann var skráður árið 2017. Garðurinn er frá Flóaáveitunni sem gerð var árin 1922-1927 og er handgrafin eins og allir þeir garðar voru.²²



Mynd 1. Þversnið og garður. Pæla sést vel.

Skurður [1860-11]

Í umsögn Minjastofnunar segir „Á Björkurstykki liggur garðlag frá suðri til norðurs. Garðurinn er 94 m og liggur frá skurðinum sem er á milli heimatúns á Björk og Björkurstykkis. Garðlagið er á skólalóðinni og verður raskað. Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að því hvern hann er gerður, tilhvers hann var gerður og hvenær hann var gerður“




Teikning 1. Teikning af þversniði garðsins.

²² Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum í Flóa og á Skeiðum. Fornleifastofnun Íslands. FS788_18111

Snið í gegn um meintan garð var grafið. Sama gjóskulag hefur er í garðinum er er að finna í garðinum frá Flóaáveitunni. Garðurinn er frá Flóaáveitunni sem gerð var 1922-1927²³



Mynd 2. Ljósmynd af garðlaginu.



Teikning 2. Þversnið af garðinum.

²³ Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum í Flóa og á Skeiðum. Fornleifastofnun Íslands. FS788_18111.

Skurður [1986o-6] Grænatóft.

Grafin var skurður með lítilli gröfu þvert yfir Grænahól. Í umsögn Minjastofnunar segir „ *Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurð í hólinn til að kanna hvort í honum leynast leifar mannvirka eða mannvistarlög. Niðurstöður slíkra könnunar gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á hólum*“ Einnig fer Minjastofnun frá á að rúst [18607] sem skráð var verði grafin en í umsögn segir Minjastofnun „ *Minjastofnun Íslands telur að rannsaka þurfi tóftina að fullu með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir hefjast á svæðinu*“




Mynd 3 Drónamynd af Grænutóftarhól á Grænutóftarheiði í Björkurstykki.

Byrjað var á því að grafa skurð til að staðfesta að rúst væri á Grænahól. Hún kom strax fram efst á hólum og eru veggir hennar úr torfi og grjóti en grjót nokkuð hrúnið inn í rústina. Svart gjóskulag liggur yfir rústinni. Í vestari hluta skuðsins neðar en rústin kemur fram torflag sem gæti verið úr öðrum vegg eða torfhluti rústa hefur fallið niður hólinn. Líklegt er að rústin sem stendur rétt undir yfirborði sé útihús engar heimildir eru um þetta útihús svo líklegt er að það sé nokkuð gamalt. Í vestur skuðsins mun dýpra en rústin sem er efst á hólum kom í ljós torflag



Mynd 4. Torf með líklegri landnámsgjósku.

með tvílitri gjósku, grænni og hvíttri sem er ekki staðfest en sterkar líkur eru að sé landnámslag í torfi. Líklega er svo annar veggur utar í hólnum en ekki er landnámsgjóska í þeim vegg. Auðvitað er oft erfitt að gera sér grein fyrir umfangi minja í skurði sem er aðeins 1 m á breidd en líklegt veður að telja að hóllinn hafi myndast vegna síendurtekina bygginga á sama stað og að á hólnum séu eldri byggingar. Enginn merki komu fram í skurðinum um kol sem oft fylgja þar sem mannabústaðir eru nærri. Líklegt veður að telja að þarna séu um útihús að ræða.



Mynd 5. Appelsínugulu kassarnir sýna hvar eldri veggir koma fram í skurðinum.



Mynd 6. Skurðurinn sem tekin var þvert yfir Grænhól. .



Mynd 7. Torflag með mögulegri landnámsgjósku .

Skurður í byrgi [1860-9

Í umsögn Minjastofnunar segir „ Minjastofnun Íslands telur að graf þurfi könnunarskurði í rústina til að reyna að staðfesta hlutverk hennar og aldur“ Um er að ræða bygi sem stóð við hliðina á mógröfum sem Minjastofnun gaf leyfi til að fjárlæga. Hleðslan er mjög gróinn og er 6,5 m x 3,5 m. Hleðslan er 0,5 m á hæð. Byrgið virðist aðeins vega hleðsla sem notið var að stafa mó á til þurrkunar áður en það var flutt heim að bæ. Grafir var skurður þvert yfihleðsluna og reyndist hún vera sú gerð að mannvirki sem áður er lýst. Grjótundirstaða undir mó. Hún stóð áður við mógrafir sem skráðar voru 2005 en hafa nú verið fylltar upp.



Mynd 8. Móþurrkunartóft fyrir könnunarskurð.

Lokaorð

Niðurstaða könnunarskurða voru þær að skurðir í garða [1860-10] og [1860-11] leiddu það í ljós að [1860-11] að þeir eru báðir frá Flóaáveitunni sem gerð var 1922-1927.

Mópurrkunartóft reynist aðeins vera grjóthleðsla einskona pallur sem mó var staflað á og vatn látið leka úr og mór þurrkaður áður en hann var fluttur heim á bæ.

Á Grænutóft kom í ljós í skurði bygging sem stendur efst á hólnum. Neðar í hólnum komu fram veggir sem líklega eru af eldri byggingum og er tvílit gjóska í torflagi sem er líklega landnámslagið. Ljóst er að í Grænutóftarhól eru nokkrir byggingafasar og sá elsti mögulega frá því á landnámsöld.

Heimildarskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss 1. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Heimasíða Fasteingamats ríkisins. Slóðin er: fmr.is

[Höfund vantar]. *Fasteignabók*. 1932. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 1944-1949 . Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1703. 1924-1947. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. *Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið gaf út, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. I. hefti. 1947-1974. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði, Akureyri.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2017. *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg*. Náttúrustofna Vestfjarða. NV nr.12.17. Mars 2017.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1. Byggðasafn Árnesinga*. Apríl 2008. 2008/2.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum í Flóa og á Skeiðum*. Fornleifastofnun Íslands SES. FS788_18111. Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Þorsteinn Sigurðsson. 1920. *Björk*. Þjóðskjalasafn Íslands.

